

## BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi Hampiðjunnar hf. 22. mars 2024

Gildi-lífeyrissjóður leggur fram eftirfarandi bókun sem hluthafi í félaginu sem sjóðurinn mun gera grein fyrir á fundinum ásamt því að óskað er eftir því að afstaðan verði færð til bókar í fundargerð aðalfundarins:

### **Dagskrárliður 4 – Tillaga félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins**

Stjórn Hampiðjunnar leggur til óbreytta starfskjarastefnu frá fyrra ári. Samkvæmt starfskjarastefnu félagsins skal fjárhæð grunnlauna og annarra greiðslna til forstjóra taka til endurskoðunar árlega og skal við slíka endurskoðun höfð hliðsjón af mati stjórnar á frammistöðu forstjóra, þróun launakjara almennt á markaði og hliðstæðum félögum auk afkomu félagsins.

Laun forstjóra félagsins hafa hækkað verulega á milli ára þannig að sérstaka athygli vekur. Að mati sjóðsins er ekki að sjá að breytingar hjá félaginu, m.a. skráning á aðalmarkað og kaup á Mörenot, auk þróunar launakjara almennt á markaði, réttlæti svo umfangsmiklar launabreytingar á milli ára.

Mikilvægt er að starfskjarastefna lýsi því launakerfi sem notast er við og að þar séu sett fram skýr viðmið og forsendur fyrir föstum launum, sem og árangurstengdum launagreiðslum séu þær til staðar. Þá er rétt að mælikvarðar árangurstengdra greiðslna séu viðeigandi, að upplýst sé um þá, og að þeir séu á grundvelli þátta sem stjórnendur geta haft áhrif á og/eða stýrt í störfum sínum. Auk þess ætti að greina frá því hversu háar árangurstengdar launagreiðslur geta orðið þannig að háþörk komi fram í stefnunni sjálfri. Gildi beinir því til stjórnar að taka starfskjarastefnu félagsins til heildarendurskoðunar með þessi atriði meðal annars í huga.

Jafnframt er mikilvægt að stjórn félagsins rökstyðji hverju sinni starfskjör stjórnenda og fjárhæð þeirra og upplýsi um breytingar á milli ára og ástæður fyrir þeim. Af þessum sökum er eðlilegt að gerð sé skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu sem sé birt með góðum fyrirvara fyrir aðalfund. Því er beint til stjórnar félagsins að slíkar upplýsingar verði hér eftir teknar saman og birtar samhliða því að tillögur aðalfundar eru settar fram. Hluthöfum er ætlað að taka afstöðu til starfskjarastefnu félagsins á aðalfundi og mikilvægt að þeir geti gert það með upplýstum hætti.

Gildi-lífeyrissjóður greiðir af framangreindum sökum atkvæði gegn tillögu um starfskjarastefnu félagsins.

**22. mars 2024**

**Gildi-lífeyrissjóður**